



## STÆR2VF05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Námsáætlun – Haustönn 2022

---

### Viðfangsefni áfangans:

Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru auk undirstöðuatriða í talnafærni. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni.

Undanfari: STÆR1AJ05

### Markmið áfangans:

Að efla reikningslega færni nemenda og auka kunnáttu þeirra í táknrænni túlkun. Að veita nemendum yfirsýn yfir reiknireglur og þjálfá þá í skilmerkilegri framsetningu. Að þjálfá rökræna hugsun nemenda.

Nemandi á að námi loknu:

- að hafa öðlast góðan skilning á hnitakerfinu
- að hafa náð góðu valdi á bókstafareikningi
- að þekkja færslur og algildi
- að þekkja vel annars annars stigs jöfnur og fleygboga
- að geta reiknað stærðfræði daglegs lífs (hagnýt stærðfræði)

### Kennslubækur og önnur kennslugögn:

STÆ 225 – eftir Jón Þorvarðarson, útg. STÆ ehf. Ýmis ljósrit frá kennara.

Vasareiknir.

### Lotupróf/verkefnaskil

Lögð verða fyrir 4 lotupróf og nokkur **skilaverkefni** á önninni. Öllum nemendum ber að taka öll prófin og skila öllum heimaverkefnunum tímanlega. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í tíma sem fyrst. Sé próf ekki tekið eða skilaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það.

Í viku 46-47 vinna nemendur viðskiptaverkefni „hagnýt viðskipti“ það verkefni gildir 20% af annareinkunn.

**Námsmat:**

Lotupróf og skilaverkefni (annareinkunn) gilda 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Vægi einkunna:

Lokapróf..... 70%  
Annareinkunn..... 30%

Annareinkunn skiptist svo:

Lotupróf ..... 60%  
Tímaverkefni.....20%  
Viðskiptaverkefni.....20%

Nemandi sem fær meðaleinkunn yfir **6** í öllum lotuprófum, nær hverju þeirra með lágmarkseinkunn **5,0**, skilar öllum skilaverkefnum annarinnar þ.á.m, viðskiptaverkefni, á kost á að sleppa lokaprófi og láta annareinkun gilda sem lokaeinkunn.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Kaflar	Efni	Lotupróf
34-37	Ljósrit	Hnitareikningur	<b>L-1 vika 37</b>
38	2	Ójöfnur	
39	3	Færslur og algildi	<b>L-2 vika 40</b>
40-43	4	Annars stigs jöfnur	<b>L-3 vika 43</b>
43-44	5	Fleygbogar / skurðpunktar línu við fl.boga	<b>L-4 vika 45</b>
45		Skráp	
46-47		Viðskiptaverkefni	
48-49		Upprifjun	

**Athugasemdir og skýringar:**

Meira en 10. mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F. Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna er kennara heimilt að skrá fjarvist á hann.

Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

**F.Su. 16. ágúst 2022**

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG) [helg@fsu.is](mailto:helg@fsu.is)

Kjartan Ólason (KÓ) [kjartan@fsu.is](mailto:kjartan@fsu.is)